

Kvenfélagið Aldan-Voröld

Afhending 2018/81

Þann 4. ágúst 1918 komu saman konur í Öngulstaðahreppi til að stofna kvenfélag. Félagið hlaut nafnið Aldan og var starfssvæði þess allur Öngulstaðahreppur. Félagið hafði á stefnuskrá sinni hjúkrunarmál, garðyrkju, iðnaðarmál og fjáröflun til byggingar berklahælis á Norðurlandi.

Árið 1933 stofnuðu konur í sunnanverðum Öngulstaðahreppi kvenfélagið Voröld, en samgönguerfiðleikar voru valdur að því að erfitt reyndist að ná saman konum úr öllum hreppnum. Félagið hafði svipuð mál á stefnuskránni og Aldan.

Bæði félögin urðu meðeigendur og komu að fjármögnun byggingar félagsheimilisins Freyvangs, ásamt fleiri félagasamtökum í hreppnum. Var það mikið átak og eyddu kvenfélagskonur gríðarlegum tíma í að afla fjár til þess að fjármagna sinn hluta byggingarinnar. Félögin áttu hvort um sig um það bil 8% eignarhlut í félagsheimilinu.

Með bættum samgöngum var ákveðið að sameina þessi tvö félög og var það gert á sameiginlegum fundi félaganna 5. mars árið 1985. Félagskonur kusu um nýtt nafn og hlaut nýja félagið nafnið Aldan-Voröld. Síðan 1985 hefur sameinað félag styrkt meðal annars Kristnesspítala, Sjúkrahúsið á Akureyri og Verkmenntaskólann á Akureyri. Félagið hefur einnig staðið fyrir kaffiboðum, farið í sumarferðir og sinnt fjáröflun t.d. með kaffisölu.

Afhendingin barst frá Þóru Hjörleifsdóttur. Ekki hafa komið aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara en til eru gögn frá kvenfélögunum síðan fyrir sameiningu þeirra.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
8. janúar 2020

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
A-Fundargerðir			
A-Fundargerðir		1985 - 2018	
Kvenfélagið Aldan - Voröld			2018 / 81
2018 - A / 1	1	1985-2018 Fundargerðabók	30 x 22,5 cm ib.